



Dagsetning: 20. mars 2025
Málsnúmer: 2503187/0.1

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um gerð málstefnu fyrir Fjarðabyggð

Með vísan til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknáls nr. 61/2011 og íslenskri málstefnu 2021 til 2030 er sveitarfélögum skylt að setja sér málstefnu. Drög að málstefnu fyrir Fjarðabyggð er lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu.

Eins og kveðið er á um í 8. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og táknáls er íslenska mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannajónustu.

Í sömu lögum er enn fremur kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja að unnt verði að nota íslensku á öllum sviðum íslensks þjóðlífs (2. gr.) og að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skuli sjá til þess að hún sé notuð (5. gr.).

Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra, eins og kveðið er á um í 3. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og táknáls. Fjarðabyggð leitast við að tryggja að allir sem þess þurfa eigi þar kost á þjónustu á íslensku táknmáli, skv. 13. gr. áðurnefndra laga.

Þeim sem koma til starfa hjá Fjarðabyggð skal sérstaklega bent á lögbundnar skyldur stjórnvalda, jafnt ríkis og sveitarfélaga, að því er varðar íslenskt táknmál sem lýst er í þessum lögum.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

